



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 21. nóvember 2023

Efni: Viðbótarumsögn Samtaka iðnaðarins og Samtaka menntatæknifyrirtækja vegna frumvarps til laga um Miðstöð menntunar- og skólaláðjónustu, 238. mál

Samtök iðnaðarins og Samtök menntatæknifyrirtækja eða Icelandic Edtech Industry (hér eftir „SI“, „IEI“ eða „samtökin“) komu fyrir allsherjar- og menntamálanefnd þann 7. nóvember síðastliðinn. Samtökin þakka kærlega fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fagna einlægum áhuga nefndarinnar á málefnum. Á fundi nefndarinnar svöruðu fulltrúar samtakanna fjölmörgum spurningum nefndarfólks og óskað var eftir nánari útskýringum á ákveðnum atriðum í umsögn samtakanna sem send var til nefndarinnar 30. október sl. Samtökunum er það bæði ljúft og skylt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

I. Tækifæri

Ákall er frá skólasamfélaginu, foreldrum og nemendum að til séu fjölbreyttari og nútímavæddari námsgögn. Tækifæri er til þess að efla íslenskt menntakerfi með því að nýta skilvirkari aðferðir m.a. með því að fá ópersónugreinanleg gögn í rauntíma til að mæta nemandanum þar sem hann er staddur. Mörg menntatæknifyrirtæki hafa farið af stað en ekki náð fötfestu hér vegna markaðsráðandi stöðu ríkisins. Þess má geta að nokkur af þessum menntatæknifyrirtækjum eru með samninga erlendis og eru námsefni, hugverk íslenskra menntatæknifrumkvöðla þýdd á fjölmörg tungumál. Þessi fyrirtæki eiga þátt í uppbyggingu og eflingu náms í þeim löndum sem þau eru notuð. Verður það að teljast áhyggjuefni að heimaland þessara fyrirtækja þ.e. á Íslandi skuli tækni sem sniðin að íslensku sólakerfi ekki vera nýtt. Menntatæknifyrirtækin eru byggð upp hér á landi. Þ Stofnendur þeirra sáu tækifæri til framfara og nýsköpunar hér á landi sem þau byggðu starfsemi fyrirtækjanna og útrás sína á. Mikilvægt er fyrir fyrirtækin að hafa sterkann heimamarkað til frekari nýsköpunar og vaxtar.

Uppbygging menntatækniiðnaðar hérlendis getur haft mikinn hagrænan ábata fyrir íslenskt samfélag, stuðlað að betri námsárangri og aukinni færni nemenda. Menntatækniiðnaður, farsældar fyrir nýja Íslendinga í íslenskukennslu og í beinum ábata í formi meiri og fjölbreyttari útflutningstekna. Áhersla á íslenska menntatækni getur bætt árangur allra íslenskra nemenda og aukið gildi íslenskunnar. Þá hefur verið sýnt fram á að nýting menntatækni í stærðfræði stóreykur áhuga, hæfni og færni nemenda.

II. Stærð menntatæknimarkaðar Íslandi og á alþjóðavísu

Menntatækniiðnaður á alþjóðavísu er rótgróinn iðnaður sem á sér áratuga sögu. Stærð menntatæknimarkaðarins á heimsvísu var 24.000 milljarðar íslenskra króna árið 2022 og er árlegur vöxtur iðnaðarins í dag um 16%. Því er spáð að stærð markaðarins verði um 55.000



milljarðar íslenskra króna árið 2025. Ósótt tækifæri eru því í þessum iðnaði fyrir íslenskt samfélag en menntatækni iðnaður hérlendis hefur sögulega verið mjög lítil. Þá eru mikil tækifæri fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki í menntatækni, sprotafyrirtæki jafnt og vaxtarfyrirtæki, þar sem fjárfestingar í menntatækni hafa aukist mjög í Evrópu á liðnum árum.

Á Íslandi starfa í dag um fimmtán fjölbreytt menntatækniyrirtæki sem sérhæfa sig í námsgagnagerð annars vegar og innleiðingu á betri og skilvirkari starfsháttum hins vegar. Þetta eru fyrirtæki eins og Mentor, Evolytes, Bara tala, Astrid, Mussila, Atlas Primer, Beanfee, Beedle og Tiro.¹

III. Hindranir í nýtingu menntatækni á Íslandi

Samtökin hafa tekið saman tíu tillögur til úrbóta til þess að ýta undir innleiðingu menntatækni í íslenskum skólum en hér verður fjallað um nokkrar þeirra, sér í lagi tillögu 5 sem snýr að fjármagni til kaupa á menntatækni, tillögu 4 sem snýr að persónuvernd, tillögu 3 sem snýr að gæðaviðmiðum og tillögu 1 og 9 sem snúa að mikilvægi samtals og skýrrar stefnu stjórnvalda.

Tíu tillögur að aðgerðum til úrbóta

Auka þarf möguleika menntatækniyrirtækja til að selja á íslenskan markað

1. Stjórnvöld setja tóninn: Selt verði **skýr stefna** um menntatækni og hvatt til aukinnar nýtingar hennar.
2. Aðalnámskrá endurspeglir **breytta tíma** og mæli með nýtingu skilvirkustu aðferða hverju sinni.
3. Sett séu **skýr og gagnsæ gæðaviðmið** sem hægt er að styðjast við þegar kemur að þróun menntatækni og innleiðingu.
4. Skýrar **persónuverndarkröfur** fyrir menntatækni og **skilvirk vottun**.
5. Ríkið styðji **sveitarfélög við kaup á fjölbreyttum námsgögnum** frá þeim aðilum sem selja besta efnið hverju sinni.
6. Skólastjórnendur og kennarar hafi **frelsi til þess að velja námsgögn** sem henta sinum nemendum og aðstæðum.
7. **Skapa hvata** fyrir innleiðingu á tölum sem **spara tíma** fyrir kennara og efla **gagnagreiningu**.
8. Kennurum verði boðið upp á **endurmenntun** í tæknigreinum.
9. Aukin **fræðsla og samtal um menntatækni** fyrir kennara, foreldra og almenning í samstarfi við atvinnulíf.
10. Þverfaglegar **rannsóknir** á sviði menntavísinda **efldar** til þess að menntatækni nýtist sem best í samfélaginu.

a. Skýr stefna um menntatækni

Samtökin telja mikilvægt að menntatækni sé í fyrirliggjandi frumvarpi til þess að senda skýr skilaboð út í samfélagið um að stjórnvöld styðji nýtingu menntatækni. Það er vilji til góðra verka og umbóta í íslensku menntakerfi, þar starfa frábærir kennarar og metnaðarfullt skólafólk sem vinnur gott starf á degi hverjum. Verkefni eru ærin en við ætlum í sameiningu að ryðja burt hindrunum og auka samstarf, skýrleika og skilvirkni svo að fleiri nemendur

¹ <https://vb.is/frettir/islenskir-menntasprotar-vekja-athygli/>



geti náð enn betri árangri. Samtökin telja mikilvægt að ný Miðstöð menntunar og skólaþjónustu verði stofnsett með skýrt umboð til þess að nýta menntatækni til að ná settum markmiðum í menntastefnu stjórnvalda.

Hér að neðan er nánari rökstuðningur varðandi þetta og útlístan á þeim hindrunum sem fyrirtæki í menntatækni standa frammi fyrir.

b. Fjármagn

Samtökin leggja til að ríkið setji skýra stefnu um markvissa nýtingu menntatækni í skólum (markmið 1) og styðji sveitarfélög við kaup á fjölbreyttum námsgögnum frá þeim aðilum sem selja besta efnið hverju sinni (markmið 5).

Samkvæmt 31. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 á ríkið að veita grunnskólum námsefni þeim að kostnaðarlausu. Það hefur verið gert í samræmi við lög um námsgögn nr. 71/2007. Nú síðast í gegnum Menntamálastofnun og þar áður Námsgagnastofnun, sem hefur séð um gerð nánast allra námsgagna sem íslenskt skólakerfi hefur um að velja.

Frumvarp um ríkisútgáfu námsbóka var fyrst lagt fram árið 1931. Í frumvarpinu var lagt til að ríkið gæfi út allar skólabækur sem fengið hefðu löggildingu til kennslu í barnaskólum og seldi á kostnaðarverði. Frumvarpið varð strax umdeilt og fékkst ekki afgreitt en var endurflutt næstu árin. Um frumvarpið spunnust oft á tíðum harðar umræður, þar sem m.a. var tekist á um hvort útgáfunni væri best borgið með ríkisafskiptum og hvort hætta væri á að stjórnámamenn hefðu óeðlileg áhrif á inntak námsefnisins.² Árið 1936 varð frumvarpið að lögum um ríkisútgáfu námsbóka, nr. 82/1936, og samkvæmt þeim skyldi ríkisútgáfan sjá 7 til 13 ára börnum við skyldunám fyrir ókeypis námsbókum. Ljóst er að lögin voru sett í skugga kreppuáranna þar sem meginmarkmiðið var að sjá til þess að öll börn hefðu aðgang að nauðsynlegum námsgögnum en auk þess að tryggja að allir barnaskólar landsins veittu sambærilega menntun.

Athyglisvert er að sjá að jafnvel við setningu laganna fyrir hartnær 90 árum var aðkoma ríkisins með þessum hætti mjög umdeild og ætla má að ef ekki væri fyrir þrengingar millistríðsáranna hefðu lögin aldrei náð fram að ganga. Ætla má að íslenskt samfélag hefði ekki vanist ríkisútgáfu námsgagna. Væri ekki fyrir þessa tilstilli væri markaður með námsgögn og síðar menntatækni eflaust nær því sem sjá má í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Grundvöllur þessarar lagasetningar er löngu brostinn enda, sem betur fer, önnur öld en var á millistríðsárunum. Samþjöppun heimsins vegna auðveldari samgangna og samskipta hefur gert það að verkum að lang flestar atvinnugreinar starfa á alþjóðamarkaði. Námsefnisgerð og menntatækni eru þar ekki undanskilin. Íslensk

² 25 ár frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga. Útgáfa námsgagna. Starfspróun kennara og skólastjórnenda grunnskóla 1996 – 2021. Klara Finnbogadóttir og Þórður Kristjánsson. Apríl 2023. <https://www.samband.is/wp-content/uploads/2023/10/25-ar-fra-yfirfaerslu-grunnskolan-til-sveitarfelaga-namsgogn-og-starfsproun-lokaeintak.pdf>



menntatæknifyrirtæki gætu vaxið gífurlega, nái þau fóttestu hér, og með því hjálpað til við að byggja upp enn fjölbreyttari fyrirtæki sem munu styðja við fjórðu stoð

hagkerfisins, hugverkaiðnaðinn. Á sama tíma veitt íslensku skólakerfi framúrskarandi námsgögn sem ýta undir hagræðingu í skólakerfinu, árangursríkari kennsluhætti og nútímavæddari þekkingarmyndun fyrir börn.

Ljóst er að gífurlegur kostnaður mun falla á ríkið ef mæta á auknum kröfum skólasamfélagsins og foreldra um fjölbreyttari og nútímavædd námsgögn með sama hætti, þ.e. með framleiðslu þess í gegnum Miðstöð mennta- og skólaþjónustu, líkt og núverandi frumvarp ber með sér. Þá má ætla að fjölbreytt og nútímavætt námsefni komist ekki í not inn í skólakerfinu fyrr en eftir þróun þess og því mun ekki bera á árangri, sem slíkt efni mun veita, í skólakerfinu fyrr en að einhverjum árum, jafnvel að áratug, liðnum.

Marki ríkið sér hins vegar stefnu um kaup og innleiðingu á tólum sem nú þegar eru til mun kostnaður ríkisins aðeins felast kaupum og innleiðingu en ekki þróuninni sjálfri og því viðhaldi og uppfærslum sem nauðsynleg er á slíkum kerfum. Fjármagnið sem varið er í þessi kaup kemur strax til notkunar inn í skólakerfinu. Kennarar og nemendur fá því strax að njóta ágóðans af því.

Slík ákvörðun myndi einnig marka stefnu í átt að aukinni söfnun haldbærra gagna inn í skólakerfinu sem nýta má til gagnadrifinnar ákvarðanatöku og til frekari rannsókna sviðinu til framdráttar.

Mikill skortur er á gögnum og gagnabygðum ákvörðunum í skólakerfinu, en eins og kemur fram í Hvítbók um umbætur í menntun frá árinu 2014 ³að „alltof oft [sé] farið af stað með hvert tilraunaverkefnið af öðru, sem ekki eiga sér stoð í neinum rannsóknum og ekki er dreginn lærdómur af fyrri verkefnum áður en lagt er af stað í hið næsta”. Jafnframt er bent á að „þrotlaust tilraunastarf og þróun undanfarna áratugi sé merki um einlægan ásetning yfirvalda og skólafólks til umbóta, en hitt verður einnig að játa að þetta starf hefur oft reynst sundurlaust, yfirýnin óljós og árangurinn eftir því”.

Þó nær áratugur sé liðinn frá útgáfu Hvítbókar á þetta því miður við enn þann dag í dag. Það kemur skýrt fram í skýrslu OECD um innleiðingu á menntastefnu 2030⁴. Þar er sérstaklega nefnt að innleiðing nýrrar stefnu einkennist oft af því sem hér hefur verið nefnt „skriðuaðferð”, þar sem vísað er til þess að „lítið er um að stefnan sé prófuð, útfærð í tilraunaskyni eða endurmetin á miðri leið með það fyrir augunum að gera viðeigandi lagfæringar. Samskiptaleiðir „upp og ofan brekkuna” eru óljósar.

³ Hvítbók um umbætur í menntun. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2014.

https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

⁴ Menntastefna 2030. Skýrsla OECD um innleiðingu menntastefnu.

https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Iceland%20Policy%20Perspectives_%c3%9e%c3%bd%c3%b0ing_Loka%c3%batg%c3%a1fa%207.%20j%c3%bal%c3%ad%202021.pdf



OECD metur að „sú nálgun dugi skammt til að koma í framkvæmd umfangsmiklu umbótum nýrrar menntastefnu“. Þá er bent á að mikilvægt sé að útbúnir séu

árangursmælikvarðar fyrir menntastefnuna sem rími við ákvæði gildandi námskrár og tilhögun námsmats og mats á skólastarfi.

Markviss nýting á menntatækni auðveldar gagnaöflun og mat á árangri innan skólakerfisins þar sem flestar menntatæknilausnir bjóða upp á söfnun gagna um kennsluhætti og námsframvindu nemenda. Nýting þeirra til kennslu mun því auðvelda samburð og mat útfrá haldbærum og rannsakanlegum gögnum. Þannig má með auðveldari hætti taka gagnadrifnar ákvarðanir um breytingar sem nauðsynlegar eru til árangurs og nýta til framþróunar á sviðinu. Nemendum, kennurum og samfélagsins alls til hagsbóta.

c. Skýrar persónuverndarkröfur og skilvirk vottun

Mikilvægt er að persónuverndarkröfur séu skýrar og aðgengilegar svo menntatækniyrirtæki geti tryggt að lausnir þeirra uppfylli persónuverndarkröfur og kaupendur geti með öruggum hætti metið hvort lausnin standist kröfur. Ætla mætti að hagkvæmast væri að til væri miðlæg vottun fyrir slíkt.

Staðan á Íslandi í dag er sú að fæst sveitarfélög hafa bolmagn til að geta farið í nauðsynlegar úttektir á menntatæknilausnum. Samkvæmt persónuverndarlögum þarf sérhvert sveitarfélag að leggja sitt eigið mat á áhrifum persónuverndar við sérhverja menntatæknilausn. Börn teljast til viðkvæms hóps sem leggur enn frekari kvaðir á ábyrgðaraðila en samanber aðrar tæknilausnir sem vinna ekki með gögn barna. Ferlið á bak við úttekt á hverri menntatæknilausn fyrir sérhvert sveitarfélag er flókið og krefst aðkomu bæði sérfræðinga í tæknilausnum og lögfræðinga. Ferillinn við úttekt getur því í sumum tilfellum kostað hundruði þúsunda og upp í fleiri milljónir, það fer eftir flækjustigi hugbúnaðarins og því hve smurt ferlið er hjá hverju sveitarfélagi. Úttektirnar eru oft á tíðum langtum kostnaðarsamari en kaup og innleiðing á menntatæknilausnunum sjálfum. Þetta leiðir til þess að flest sveitarfélög munu ekki geta nýtt sér menntatækni til framdráttar og mun auka á ójöfnuð og gæði kennslu.

Regluverkið er ennþá mjög óljóst, er sífelld að taka breytingum, fáir úrskurðir eru til staðar og Persónuvernd hérlendis gengur lengra en það sem sést á öðrum löndum í Evrópu. Sveitarfélög og fyrirtæki hafa kallað eftir upplýsingum frá Persónuvernd í leit við að tryggja sig frá mismunandi túlkun laga og tryggja að farið sé með persónuupplýsingar barna eftir þeim aðferðum sem Persónuvernd telur æskilegast. Ekki hafa fengist slíkar upplýsingar þrátt fyrir skýrt ákall þar um og því er í raun ómögulegt fyrir fyrirtæki og sveitarfélög að tryggja rétta meðhöndlun gagna. Á sama tíma hefur Persónuvernd lagt gífurlega vinnu í mat og málarekstur við einstaka sveitarfélag. Reykjavíkurborg fékk fyrir fáeinum árum 5 milljón króna sekt fyrir notkun á erlendri menntatæknilausn þrátt fyrir að það komi skýrt fram að „ekkert tjón virtist hafa orðið vegna brotanna, ekkert benti til annars en að almennt upplýsingaöryggi [menntatæknilausnarinnar] væri fullnægjandi og að Reykjavíkurborg svaraði erindum Persónuverndar við meðferð málsins með



skýrum og greinargóðum hætti”.⁵ Við það má bæta að um leið og athugasemdir bárust vegna menntatæknilausnarrinnar hættu allir skólar að nýta lausnina. Þrátt fyrir þetta sektaði Persónuvernd Reykjavíkurborg. Þetta mál er ekki einsdæmi. Ætla

mætti að eðlilegra hefði talist að sekta ef notkun hefði verið haldið áfram þrátt fyrir athugasemdir.

Lítið af gögnum liggja fyrir hvernig Persónuvernd ákveður að túlka íslensk persónuverndarlög, sérstaklega þar sem þau ganga lengra en upprunalegu lögin sem íslensku lögin eru samin eftir og þeir dómur sem hafa fallið erlendis. Þetta leiðir til þess að gríðarlega áhætta fylgir innleiðingu á menntatæknilausnum í skólastarfi fyrir ábyrgðaraðila þar sem engin skýr viðmið eða upplýsingar eru til staðar um þær kröfur og reglur sem þau skulu fylgja. Persónuvernd hefur ítrekað ekki fengist til að veita upplýsingar um hvað skuli vera til staðar til að framfylgja íslenskum persónuverndarlögum og sýnir það í framferði sínu í fyrri málum þar sem þau úrskurða einvörðungu í gegnum málshöfðun og sektir. Það er hæsta lagi athugavert þar sem samkvæmt 39. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga fellur undir verkefni Persónuverndar að veita ráðgjöf um vinnsluáðgerðir.

Ætla mætti að samkvæmt þessu ættu að liggja fyrir skýrar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir stofnanir, fyrirtæki og aðra hagaðila sem ekki eru opin fyrir huglægri túlkun. Ef dómarnir eru lesnir má sjá að þar sem ber í milli er túlkun Persónuverndar á því hvað er nauðsynleg vinnsla persónuupplýsinga, þ.e. hvort tilgangur vinnslunnar vegi nægilega upp á móti ókostum þess að safna upplýsingunum. Persónuvernd telur, samkvæmt dómum, að vinnsla persónuupplýsinga skólabarna í formi verkefnaskila og endurgjafar kennara við verkefni geti ekki talist nauðsynleg, að hægt sé að bjóða nemendum að skila verkefnum rafrænt án þess að þeim sé safnað í tiltekið upplýsingatækni kerfi og að þrátt fyrir að notkun slíkra kerfa sé í einhverjum tilvikum hentug þá felist ekki í því að hún sé nauðsynleg. Úr því má lesa að menntatæknilausnir sem eru tímasparandi og auðvelda vinnu kennara geta ekki verið ástæða fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Þá fjallar Persónuvernd meðal annars í dómunum neikvætt um notkun spjaldtölva í skólastarfi þar sem notkunin sé ekki í samræmi við, orðrétt; „hagsmuni barna af því að fá að þroskast frjáls frá stöðugri stafrænni söfnun persónuupplýsinga þeirra”.⁶

Erfitt er að líta á rökin sem beina stefnu gegn notkun slíkra tækja í skólastarfi. Því spyrja samtökin sig sömu spurninga og Reykjavíkurborg gerir í rökfærslum sínum fyrir dómi. Hvernig eiga grunnskólar að geta sinnt skyldum sínum samkvæmt lögum

⁵ Notkun Seesaw-nemendakerfisins í grunnskólum Reykjavíkur – sektarákvörðun. Mál nr. 2021040879. Maí 2022. <https://www.personuvernd.is/urlausnir/notkun-seesaw-nemendakerfisins-i-grunnskolum-reykjavikur-sektarakvordun-1>

⁶ Ákvörðun um notkun Seesaw-nemendakerfisins í grunnskólum Reykjavíkur. Mál nr. 2021040879. Desember 2021. <https://www.personuvernd.is/urlausnir/akvordun-um-notkun-seesaw-nemendakerfisins-i-grunnskolum-reykjavikur>



um grunnskóla, reglugerðum eða aðalnámskrá án þess að nýta fjölbreyttar tæknilausnir. Samkvæmt 24. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 skuli aðalnámskrá leggja áherslu á margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni og safna- og heimildavinnu. Í 2. mgr. 25. gr. laganna⁷ sé svo mælt fyrir um að í aðalnámskrá skuli kveða á um inntak og skipulag náms í tilteknum greinum og er upplýsinga- og tæknimennt þar sérstaklega tilgreind. Í 2. gr. auglýsingar nr. 760/2011 um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla, og í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011 er einnig fjallað um að stafræn tækni hafi breytt umhverfi ritunar og lestrar og að máli skiptir að tölvur séu tól sem megi nota til fjölþættrar merkingarsköpunar, t.d. með notkun myndmáls. Nemendur og kennarar þurfi því ekki að binda sig við prentmál heldur bjóði tölvutækni upp á að þeir noti fleiri mál við nám og kennslu. Einnig sé þar umfjöllun um hugtökin stafrænt læsi, miðlamente og miðlalæsi.

Samtökin vilja benda á að sænsk yfirvöld hafa notast við staðal sem kallast SS12000 ("SS-tólf-þúsund") er það er staðall sem er þróaður í Svíþjóð til að skilgreina hvernig eigi að skiptast á upplýsingum milli mismunandi aðila í skólaumhverfinu. Menntamálastofnunin í Svíþjóð notaði þetta þegar þeir skiptu yfir í stafræn landspróf með góðum árangri.⁸

Menntastefna stjórnvalda til ársins 2030 leggur meðal annars áherslu á nýtingu stafrænnar tækni í samræmi við breytingar samtímans. Þar er sérstaklega fjallað um stafræna tilveru nemenda þar sem gert er ráð fyrir hagnýtingu stafrænnar tækni í grunnskólum, þ.e. að nemendur fái þjálfun í upplýsinga-, miðla og tæknilæsi. Samtökin draga í efa getu grunnskóla til að standa undir þessa hluta menntastefnunnar með áframhaldandi framferði Persónuverndar á þessu sviði.

Lítið af námstæknilausnum eru í boði fyrir íslenska nemendur, kennara og stjórnendur þar sem fáir sjá hag sinn í því að þjónusta jafn smáan markað og Ísland. Að bæta óljósum kröfum með mikilli áhættu fyrir bæði sveitarfélög og fyrirtæki mun aðeins fækka þeim mögulegum lausnum sem munu sjá hag sinn í að þjónusta skóla. Á sama tíma er Persónuvernd að hindra tæknilega nýsköpun í skólastarfi sem er mjög þörf til þess að takast á við áskoranir sem við stöndum fyrir í menntun og munum standa fyrir í aukna mæli. Ísland er þegar eftirbátur miðað við aðrar þjóðir og stenst ekki samkeppni í menntun samanborið við aðrar þjóðir en óþjálir persónuverndarferlar gera nú þegar slæma stöðu ómögulega bæði fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög.

Samtökin kalla eftir því að það verði gefin út skýrar leiðbeiningar um áhættumat og þær kröfur sem skuli veri gerðar til menntatæknilausna og að eitt hlutverk Miðstöðvar menntunar- og skólaþjónustu verði að leiða þessa vinnu. Jafnframt kalla samtökin eftir því að búin verði til miðlægur ferill og gæðavottun á menntatæknilausnum. (markmið 3) Stöðluð vottun væri gríðarleg hagræðing fyrir sveitarfélög sem eiga þegar undir högg að sækja fjárhagslega. Það að krefjast þess

⁷ <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=756d8a29-0eaa-46e2-9de3-4dd8aca83f17>

⁸ [Shaping the Future of Digital Tests - IST International](#)



að öll sveitarfélög taki sömu úttekt á menntatæknilausnum verður að teljast er afar léleg nýting á opinberum fjármunum. Síðast en ekki síst verður að vera miðlægur ferill til staðar til að auka ekki á ójafnrétti gagnvart smærri sveitarfélögum sem hafa ekki fjárhagslega burði til þess að meta menntatæknilausnir.

IV. Tillögur

Samtökin leggja til eftirfarandi tillögur til nefndarinnar til úrbóta á fyrirliggjandi frumvarpi. Tillögur samtakanna eru í rauðu.

3. gr. Samvinna og samráð.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu skal hafa samvinnu og samráð við skóla og aðra aðila, félög, samtök og stofnanir, sem tengjast starfsemi hennar. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu skal hafa samvinnu og reglubundið samráð við sveitarfélög um verkefni stofnunarinnar.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu skal hafa samráð við börn og ungmenni um verkefni stofnunarinnar.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu skal hafa samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu og Ráðgjafar- og greiningarstöð um verkefni sem varða þjónustu í þágu farsældar barna.

Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu skal hafa samvinnu við samtök atvinnurekenda og sjálfstæðra bókaútgefenda við mat á því hvaða framboð á námsgögnum er á markaði við mat á því hvaða námsgögnum miðstöðin skal sjá skólum fyrir.

Jafnframt er ráðherra heimilt að ákveða að tiltekin verkefni stofnananna þriggja séu rekin sameiginlega. Í ákvörðun ráðherra samkvæmt þessari grein skal skýrt kveða á um stjórnun verkefnisins, ábyrgð stofnana og fjármögnun.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu er heimilt að setja á fót tímabundna samráðshópa á einstökum fagsviðum stofnunarinnar til þess að ná markmiðum laganna.

4. gr. Verkefni.

Verkefni Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu eru m.a. að:

a. styðja, efla og samhæfa menntun, skólaþjónustu og annað skólastarf um land allt, m.a. með almennri og sérhæfðri fræðslu,

b. sjá nemendum í skyldunámi fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum **á fjölbreyttu formi þar sem ekki er fyrir hendi námsefni á markaði** og öðrum nemendum eftir því sem stofnuninni kann að vera falið,

c. byggja upp og halda utan um aðferðir og úrræði fyrir skóla sem styðja við skólastarf og skólaþjónustu, þar á meðal gæðaviðmið, verkferla, verkfæri, matstæki og önnur tæki til skimana og athugana á einstaklingum eða hópum,

d. styðja við innleiðingu stefnumótunar stjórnvalda á sviði menntunar og farsældar barna og ungmenna, þ.m.t. menntastefnu og aðalnámskráa.



Miðstöð menntunar og skólaþjónustu forgangsraðar verkefnum með hliðsjón af þörfum hverju sinni undir yfirstjórn ráðherra.

e. móta skýr viðmið um persónuverndar- og gæðakröfur varðandi innleiðingu á menntatæknilausnum á öllum skólastigum í samvinnu við þar til bær stjórnvöld og atvinnulífið til þess að nemendur fái aðgang að bestu námsgögnum sem völ er á á hverjum tíma.

f. byggja upp og halda utan um aðferðir og úrræði fyrir skóla sem styðja við skólastarf og skólaþjónustu, þar á meðal gæðaviðmið, staðfestingu námslýsinga, vottun námskráa í iðn- og verknámi, eftirlit með starfalýsingum og hæfnikröfum, verkferlum, matstækjum og önnur tæki til skimana og athugana á einstaklingum eða hópum,

g. annast söfnun, greiningu og birtingu upplýsinga um menntamál,

Samtökin vonast til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum SI

Íris E. Gísladóttir,
formaður Samtaka menntatækniþyrtaekja